

5. gr.

Nú kemur í ljós, er álagningu útsvara 1944 er lokið, að gjaldþegn hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt $\frac{1}{2}\%$ vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu bæjarsjóðs.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 100 30. desember 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

REGLUR

um innheimtu útsvara í Hafnarfirði árið 1944.

1. gr.

Sérhver útsvarsgjaldandi í Hafnarfirði, sem gjaldskyldur er við aðalniðurlögreglu árið 1944, skal greiða upp í útsvar þessa árs 40% af útsvarsupphæð þeirri, er honum bar að greiða 1943, með gjalddögum 1. marz, 1. apríl og 1. maí 1944, þannig að 1. marz greiðast 10%, 1. apríl 15% og 1. maí 15%.

2. gr.

Allar greiðslur samkvæmt þessum reglum skulu standa á hálfum eða heilum tug króna og þannig jafnað á gjalddagana, að greiðslurnar þrjár verði sem næst 40% af útsvarinu 1943.

3. gr.

Nú eru greiðslur samkvæmt reglum þessum ekki inntar af höndum 15 dögum eftir gjalddaga og skal gjaldþegn þá greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% á mánuði eða hluta úr mánuði, er líður frá gjalddaga, unz greitt er.

Þó verður sá gjaldþegn ekki krafinn um dráttarvexti, sem greiðir að fullu 40% fyrir 20. apríl 1944.

4. gr.

Nú er sýnt að tekjur gjaldanda árið 1943, samkvæmt skattframtali, hafi verið minni en árið 1942, svo að muni 30% eða meira, og skal þá lækka greiðslur hans samkvæmt reglum þessum hlutfallslega ef hann krefst þess.

5. gr.

Kaupgreiðanda ber skylda til að halda eftir af kaupi starfsmanna til útsvarsgreiðslu samkvæmt þessum reglum, á sama hátt og með sömu viðurlögum og gilda um almenna útsvarsinnheimtu, með þeim breytingum sem leiðir af ákvæðum 2. gr.

Kaupgreiðendum er skylt að halda eftir útsvarsgreiðslum greiðsluskyldra starfsmanna, sem þeir hafa greitt fyrir útsvör ársins 1943, án þess að tilkynna þurfi þeim sérstaklega, á annan hátt en með birtingu þessara reglna.

6. gr.

Nú verður ljóst, eftir aðalniðurlögreglu 1944, að greiðslur gjaldþegns á 40% af útsvari 1943 samkvæmt reglum þessum, nema hærri fjárhæð en álagt útsvar 1944,

13 og skal þá endurgreitt það, sem ofgreitt hefur verið með ½% vöxtum fyrir hvern 17. febr. mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlum bæjarsjóðs eftir rétta gjalddaga, að meðtöldum 15 daga frestinum samkvæmt 3. gr.

7. gr.

Að lokinni aðalniðurjöfnun árið 1944 skal dregið frá útsvarsupphæð hvers gjaldþegns, það sem honum ber að greiða samkvæmt reglum þessum, og jafna því, sem umfram verður, á lögákveðna gjalddaga, að viðlögðum gildandi sektarákvæðum um dráttarvexti.

Það, sem vangreitt kann að verða samkvæmt reglunum, má innheimta þegar í stað hjá kaupgreiðanda, eða á hvern annan löglegan hátt, og ber að greiða af því dráttarvexti frá gjalddögum samkvæmt reglum þessum.

8. gr.

Lögtak má gera fyrir vangoldnum útsvarsgreiðslum samkvæmt reglum þessum, eftir þeim ákvæðum, sem gilda um lögtök fyrir vangoldnum opinberum gjöldum.

9. gr.

Bæjarstjórn auglýsir reglur þessar.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 100 30. desember 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1944.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

14

17. febr.

REGLUR

um innheimtu útsvara í Reykjavík árið 1944.

1. gr.

Sérhver útsvarsgjaldandi í Reykjavík, sem gjaldskyldur er við aðalniðurjöfnun árið 1944, skal greiða upp í útsvar þessa árs 40% af útsvarsupphæð þeirri, er honum bar að greiða árið 1943, með gjalddögum 1. marz, 1. apríl og 1. maí 1944, sem næst 13% af útsvarinu 1943 hverju sinni.

2. gr.

Allar greiðslur samkv. þessum reglum skulu standa á heilum eða hálfum tug króna og þannig jafnað á gjalddagana, að greiðslurnar þrjár verði sem næst 40% af útsvarinu 1943.

3. gr.

Nú eru greiðslur samkv. reglum þessum ekki inntar af höndum 15 dögum eftir gjalddaga og skal gjaldþegn þá greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% á mánuði eða hluta úr mánuði, er líður frá gjalddaga, unz greitt er.

Þó verður sá gjaldþegn ekki krafinn um dráttarvexti, sem greiðir að fullu 40% af útsvarinu 1943 fyrir 20. apríl 1944.